Per Sjöberg deildarstjóri, Svíþjóð, riddarakross.
Marie Hadd deildarstjóri, Svíþjóð, riddarakross.
Karin Grundel, þriðji sendiráðsritari, Svíþjóð, riddarakross.

30. desember 2004:
Louis Bardollet sendiherra, Frakkland, stórriddarakross með stjörnu.

Nr. 1103 31. desember 2004

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 276/2004 um fjárhagsaðstoð hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík, með síðari breytingum.

1. gr.

11. gr. breytist og orðast svo:

Grunnfjárhæð.
Framfærsla barna ekki talin með.

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 84.245 kr. á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 134.792 kr. á mánuði (84.245 kr. x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af félagsmálaráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

2. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru af borgarráði 30. desember 2004 að fenginni tillögu félagsmálaráðs, eru settar á grundvelli 21. gr. laga nr. 40/1991 með síðari breytingum, gilda frá 1. janúar 2005.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 31. desember 2004.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir.